

4. gr.

45

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara setur atvinnumálaráðherra með reglugerð. 19. júní

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

46

um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og um lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927. 19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi: Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifyjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til

46 notkunar á skipinu, svo sem kola- og oliubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert
19. júní skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

47

19. júní

L Ö G

um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að láta taka eignarnámi um 80 hektara
landsvæði, sem liggur suðvestan í og vestan við Öskjuhlíð hér í bænum, en land-
svæði þetta er nú þinglesin eign The Harbours and Piers Association.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.